Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, 4. febrúar 2021

Stefna um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030
Umsögn frá KFUM og KFUK á Íslandi

Forysta KFUM og KFUK fagnar því að unnið sé að stefnu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna til ársins 2030. Í því felst viðurkenning á skipulögðu æskulýðsstarfi og mikilvægi þess fyrir íslenskt samfélag.

Gæði og öryggi sem leiðarljós
Það kemur fram að tilefni stefnunnar sé aukin krafa um gæði og öryggi í skipulögðu starfi fyrir börn og ungmenni. Við tökum undir mikilvægi þess að gæði og öryggi sé leiðarljóst í stefnunni til 2030.

Gæða- og öryggisviðmið
Með gæði og öryggi að leiðarljósi er mikilvægt að til séu skýr viðmið í hverju þau gæði og öryggi felast þegar kemur að málaflokknum. Án gæða- og öryggisviðmiða er hætta á því að orðin gæði og öryggi verði marklaus.

Á mörgum öðrum sviðum samfélagsins eru til viðmið og staðlar. Má t.d. dæmis nefna öryggisstaðla þegar kemur að brunavörnum eða viðmið Landverndar hvað skólar þurfa að uppfylla til að hljóta grænfánann. Þessi tvö dæmi eru ekki alveg tekin af handahófi því í öðru tilfellinu getur falist lokun á starfsemi fyrir að fylgja ekki stöðlunum, en í hinu tilfellinu hljóta þeir viðurkenningu sem uppfylla viðmiðin.

Með æskulýðslögum, sem samþykkt voru 2007, voru sett ákveðin gæða- og öryggisviðmið í 1. og 10. gr. laganna. En síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þeir aðilar sem sýna metnað og ábyrgð hafa siðareglur, verklagsreglur, viðbragðsáætlanir, námskeið og þjálfun leiðbeinenda o.s.frv. Æskilegt er að byggja ofan á það sem vel hefur verið gert á þessu sviði við setningu gæðaviðmiða og öryggisstaðla.

Aðhald og hvatar
Ef við viljum vera stödd á öðrum stað árið 2030, en við erum árið 2021, þarf bæði aðhald og hvata. Hvata sem verðlauna þá sem sækja fram í auknum gæðum og aðhald sem tryggir að verið sé að fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til félags- og tómstundastarfs barna og ungmenna.
Hvatar þurfa ekki alltaf að vera dýrir sb. dæmið um grænfánann sem hér hefur verið nefnt. Á móti þarf heldur ekki alltaf dýrar eftirlitsstofnanir til að veita aðhald. Ég veit að í einhverjum löndum, m.a. Bretlandi, hefur verið notast við svokallað „health check“ í þriðja geiranum, þar sem aðilar fá einfaldlega staðlaðan spurningalista einu sinni á ári sem þeir þurfa að svara.

Ólíkar áherslur eftir aldurshópum

Börn og ungmenni 6 til 25 ára er mjög breiður aldurshópur. Þegar horft er til gæða og öryggis verður að taka tillit til þess að samkvæmt íslenskum lögum eru 6-17 ára einstaklingar börn, en 18-25 ára fullorðnir. Ætla má að aðrar áherslur einkenni gæðaviðmið hjá eldri hópnum en þeim yngri.
Sem dæmi má nefna að við leggum upp með að fullorðnir einstaklingar sinni starfi með börnum með faglegum hætti samkvæmt 10. gr. æskulýðslaga. Á sama tíma er almennt litið á það sem gæðamerki að félags- og tómstundastarfi fyrir 18-25 ára ungmenni sé stýrt af einstaklingum í þeim sama aldurshópi. Svo má ætla að gæða- og öryggisviðmið í starfi fyrir 6-9 ára börn séu ekki alveg þau sömu og fyrir 14-17 ára, þó svo að báðir hóparnir teljist börn í lagalegum skilningi.
Í okkar starfi finnum við fyrir því að þessi lína sem dregin er við 18 ára aldur, verður meira áberandi með árunum og því eðlilegt að horft sé til þess þegar unnið er að stefnu í málaflokknum til komandi ára.

Við köllum því eftir gæðaviðmiðum og öryggisstöðlum í stefnunni. Jafnframt að mótaðir verði hvatar til að auka gæði og reglubundið aðhald til að treysta öryggið. Að horft verði til þess að innan þessa breiða aldurshóps sem æskulýðslög ná yfir, eru ólíkar þarfir og áherslur eftir aldursbilum.

Ef það er ógertlegt að svo stöddu að koma því fyrir í stefnunni sjálfri, að það sé þá sett í stefnuskrána að þróa gæða- og öryggisviðmið og hvata og aðhaldsaðgerðir á komandi árum, sem taki mið af ólíkum aldursbilum innan málaflokksins.

Virðingarfyllst



Tómas Torfason
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi
tomas@kfum.is / Sími 896 3199